

Sp.

191. Fyrirspurnir

[89. mál]

I. Til fjármálaráðherra um stríðsskaðabætur af hálfu Þjóðverja.

Frá Finni Jónssyni.

1. Hversu miklu hafa skaðabótagreiðslur af hálfu Þjóðverja vegna ófriðarins numið:
 - a. Eignir þýzka ríkisins?
 - b. Innstæður eða eignir þýzkra borgara?
2. Hvernig ætlar ríkisstjórnin að verja þessum skaðabótum?

II. Til dómsmálaráðherra um undirbúning laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Frá Rannveigu Þorsteinsdóttur.

1. Hvað líður undirbúningi frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna?
2. Hefur við undirbúning málsins verið leitað álits þeirra aðila, sem hlut eiga að máli?
3. Má vænta þess, að frv. þetta verði lagt fyrir Alþingi það, er nú situr?

III. Til fjármálaráðherra um leigumála á húseign ríkisins á Leifsgötu 16.

Frá Rannveigu Þorsteinsdóttur.

1. Hvernig er varið leigumála á húseign ríkisins á Leifsgötu 16?
2. Getur Landsspítalinn fengið hús þetta til afnota sem húsnæði fyrir hjúkrunarkonur?